

Fréttatilkynning 6. nóvember 2018

FJÁRHAGSÁÆTLUN REYKJAVÍKURBORGAR 2019 OG FIMM ÁRA ÁÆTLUN 2019 - 2023

Í dag var lagt fram í borgarstjórn frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 og fimm ára áætlun 2019 - 2023, tillögur um álagningarhlutföll útsvars og fasteignaskatta á árinu 2019, tillögur að gjaldskrá og tillaga að lántökum vegna fjárfestinga og framkvæmda.


Aukin framlög eru til skólamála og velferðarmála, viðhalds gatna og fasteigna og fjárfestingar A-hluta og fyrirtækja borgarinnar aukast umtalsvert.

A hluti Reykjavíkurborgar: Batnandi afkoma og sterkar stoðir

Rekstrarniðurstaða A-hluta hefur sveiflast mikið á síðustu árum, m.a. vegna kjarasamninga árin 2014-2015 og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem var mikil árið 2015 eða 14,6 ma.kr. og aftur árið 2017 þegar hún var samtals um 11 ma.kr. einkum vegna kröfu sem kom fram við breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að um að sveitarfélögin gerðu upp bæði áfallnar og áætlaðar framtíðar skuldbindingar við Brú lífeyrissjóð.


Á tímabilinu 2019-2023 er batnandi afkoma A-hluta studd af tekjum af söluhagnaði og sölu byggingarréttar, sem nema á bilinu 2,5 ma.kr. til 4,3 ma.kr. ár hvert. Á sama tíma hefur lækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar jákvæð áhrif.

Í samræmi við langtímamarkmið um fjármálastjórn borgarinnar byggist fimm ára áætlun A-hluta á því að 1% hagræðingarmarkmið náist í rekstrarútgjöldum á hverju ári 2020 til 2023 í samræmi við útgjaldareglu.



Fjárhagur A-hluta er sterkur. Skuldahlutfall A-hluta borgarinnar er langt fyrir neðan viðmið sveitarstjórnarlaga. Árin 2015-2018 er skuldahlutfallið nokkuð stöðugt en fer síðan lækkandi í jöfnum skrefum til ársins 2023. Með reglugerð nr. 458/2018 var gerð leiðrétting á útreikningi skuldaviðmiðs sem fól í sér að veltufjármunir eru dregnir frá heildarskuldum og skuldbindingum en ekki hreinir veltufjármunir. Það skal tekið fram að ekki er gert ráð fyrir að jafnvægisviðmið og skuldaviðmið eigi við um A-hluta heldur aðeins um samstæðu A- og B-hluta.

Skuldaviðmið A-hluta




Samstæða Reykjavíkurborgar: Góð afkoma á næstu árum

Árið 2018 er gert ráð fyrir 28,1 ma.kr. afgangi fyrir fjármagnsliði og 14,3 ma.kr. eftir fjármagnsliði. Góðan afgang má einkum rekja til Orkuveitu Reykjavíkur og A-hluta. Mikil umskipti eru í fjármagnsliði á árinu 2018 m.v. árið 2017 sem einkum má rekja til álafleiðu Orkuveitunnar og matsbreytinga fjárfestingaeigna.

Áætluð niðurstaða fyrir fjármagnsliði árið 2019 er 26,4 ma.kr. sem er heldur lakari en árið 2018. Sambærileg þróun er í niðurstöðu eftir fjármagnsliði. Breytingar á milli ára má einkum rekja til A-hluta og Félagsbústaða.


Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B-hluta




Framlegð samstæðunnar (EBITDA sem hlutfall af tekjum) er áætluð 13,7% árið 2019 en hækkar í 16,5% í fimm ára áætlun. Gert er ráð fyrir batnandi afkomu á tímabilinu 2020-2023.

Uppsöfnuð þriggja ára niðurstaða tímabilsins 2013-2015 var neikvæð vegna þess að teknar voru upp nýjar tryggingafræðilegar forsendur um lífslíkur vegna lífeyrisskuldbindinga borgarinnar sem leiddi til mjög neikvæðrar rekstarniðurstöðu A-hluta árið 2015.

Frá og með tímabilinu 2014-2016 er uppsöfnuð þriggja ára rekstarniðurstaða samstæðu A+B jákvæð út áætlunartímabilið.



Við útreikning á skuldaviðmið samstæðu Reykjavíkurborgar er Orkuveita Reykjavíkur undanskilin til ársins 2021 en frá 2022 til 2023 meðtalin í samræmi við reglugerð um fjárhagseftirlit með sveitarfélögum nr. 502/2012 m.s.br. Skuldaviðmið samstæðu Reykjavíkurborgar er langt innan við 150%.



Fjárfestingar í samstæðu og A-hluta

Gert er ráð fyrir töluvert meiri fjárfestingum í samstæðu tímabilið 2017 til loka áætlunartímabilsins 2019-2023 en verið hefur undanfarin ár. Fjárfestingar sem hlutfall af tekjum haldast á tímabilinu 2017-2020 yfir 20% af tekjum en það hlutfall fer svo lækkandi.

Uppbygging innviða mun styðja við íbúðauppbyggingu með gerð gatna, torga, almenningsvæða og hjólastíga en einnig annarra samfélagslegra innviða. Stærstu verkefni eru í Úlfarsárdal þar sem skóli, íþróttahús og sundlaug rísa. Í Breiðholti verður einnig byggt íþróttahús, knattús og fimleikahús á næstu árum. Félagsbústaðir ráðgera umtalsverða fjölgun félagslegra íbúða í eignasafni sínu á tímabilinu. Þá er gert ráð fyrir fjármagni til Borgarlínu, alls 4,7 milljörðum á næstu fimm árum.

Fjárfestingar í lok tímabils fimm ára áætlunar minnka mikið en þær eru háðar töluverðri óvissu, einkum hjá A-hluta.


Fjárfestingar eru mestar í A-hluta, Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústöðum hf. eins og taflan hér að neðan ber með sér.

Fjárfestingar samstæðu (ma.kr.)	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
A-hluti	7,2	8,2	9,5	9,5	15,4	21,4	18,8	16,3	13,9	12,9	13,4
Orkuveita Reykjavíkur	3,5	5,8	10,2	12,4	19,3	16,4	18,0	18,7	18,3	16,9	15,5
Faxaflóahafnir	0,9	1,0	0,9	1,9	1,7	1,5	2,3	1,7	1,2	1,0	1,6
Félagsbústaðir	0,5	0,8	2,4	1,3	4,0	6,2	4,4	4,6	4,2	1,1	0,3
Sorpa	0,2	0,2	0,2	0,3	0,6	1,1	3,3	0,9	0,8	0,9	0,3
Strætó	0,4	0,6	0,4	0,1	0,3	0,8	0,5	0,4	0,3	0,4	0,4
Önnur fyrirtæki og innri viðsk.	-2,6	-1,4	-0,1	0,2	-1,6	0,2	0,6	0,5	0,2	0,2	0,2
Fjárfestingar bruttó	10,2	15,3	23,5	25,7	39,8	47,6	47,9	43,2	38,9	33,3	31,6
Hlutfall af tekjum %	7,8%	11,5%	16,3%	16,5%	23,0%	26,0%	24,9%	21,3%	18,1%	14,8%	13,4%

Þegar veltufé frá rekstri er skoðað í samhengi við greiðsluskuldbindingar samstæðunnar, afborganir lána og endurgreiðsluframlög í lífeyrissjóð starfsmanna (LSRB) sést að greiðslugeta samstæðunnar til að standa við samningsbundnar afborganir lána og skuldbindinga er mikil og vaxandi allt áætlunartímabilið frá 2019-2023. Greiðslugetan er jafnframt mælikvarði á svigrúmið sem rekstur veitir til að sinna nauðsynlegri fjárfestingaþörf samstæðu.

Árin 2013 og 2014 var veltufé frá rekstri jafnhátt afborgunum lána og skuldbindinga og því myndaði reksturinn lítið olnbogaráymi til fjárfestinga á þessum árum. Frá og með árinu 2015 og allt áætlunartímabilið styrkist greiðslugetan vegna minni afborgana og styrkingar veltufjár frá rekstri.

Greiðslugeta samstæðu A- og B-hluta



Sterk greiðslugeta samstæðu er nauðsynleg til að draga úr lausafjánhættu og skapa það svigrúm sem þarf til fjárfestinga sem er umtalsvert ef litið er til framtíðar.

Sjá meðfylgjandi Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 og fimm ára áætlun 2019-2023 ásamt greinargerð.